

25. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 5. 05. 2009.

Mættir: Pálína Jónsdóttir, Ingvar Þóroddsson, Guðmundur Geirsson, Aldís Einarsdóttir og Brynja Sigurðardóttir. Einnig var mætt á fundinn frá Foreldrafélagi Glerárskóla, Andrea Þórisdóttir Waage.

Fundarefni.

Hverfishátíð 2009

Tekin var ákvörðun um að hún yrði haldin 12. september.

Foreldrafélagið mun sjá um hefðbundna dagskrá fyrir börnin með aðstoð bekkjaráðana í skólanum en hverfisnefndin mun sjá um dagskrá fyrir fullorðna.

Viðraðar voru tillögur til viðbótar hátíðinni í fyrra. Þar á meðal komu fram tillögur um að söguferð yrði farin strax að hátíð lokinni við Glerárskóla, auglýsa þyrfti bæði hátíðina og vöflukaffið enn frekar ásamt því að fá skemmtiatriði úr hverfinu á hátíðina.

Ákveðið var að funda aftur 18. ágúst með aðilum frá Foreldrafélaginu til að púsla þessu enn frekar saman. Að því mæltu vék Andrea af fundi.

Deiliskipulag Sandgerðisbótar

Nefndinni barst tölvupóstur frá Helgu Aðalgeirsdóttur, Áshlíð 12, Akureyri, dags. 29. apríl s.l. með athugasemdum í þremur liðum frá Helgu Aðalgeirsdóttur vegna þessa skipulags og var það rætt. Ákveðið var að senda inn athugasemdir v/deiliskipulagsins á þessu svæði sem viðkemur áframhaldandi göngustígum niður með Glerá og í gegnum smábátahöfnina.

Fundargerðir.

Farið yfir það helsta á öllum fundargerðum frá því á síðasta starfsári.

Krossanes og svæðið í kring

Rætt var um svæðið norðan og ofan við Krossanes og ákveðið að nefndarmenn færu og skoðuðu svæðið með tilliti til umgengni þeirra sem eru á svæðinu og þeirra sem um svæðið fara. Þá voru nefndarmenn minntir á að hafa augun opin fyrir allri umgengni í hverfinu okkar.

Nesjahverfi

Ákveðið var að senda fyrirspurn til bæjarins um hvort Nesjahverfið tilheyrði þessar hverfisnefnd eða hvernig þeim málum væri háttað hjá Akureyrarbæ.

Fundartími

Næsti fundur var ákveðinn 2. júní klukkan 19:00 í Glerárskóla.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 5. maí 2009

Brynja Sig.